

STARFSKJARASTEFNA

1. TILGANGUR

- 1.1. Starfskjarastefna Framtíðarinnar lánasjóðs hf. (hér eftir „Framtíðin“ eða félagið) er sett í samræmi við 79. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995, með síðari breytingum. Reglurnar eru samþykktar af stjórn og staðfestar á aðalfundi félagsins.
- 1.2. Markmið félagsins er að tryggja samkeppnishæf kjör fyrir starfsmenn félagsins og laða til sín hæfustu stjórnendur og starfsmenn á hverjum tíma. Félagið vill jafnframt tengja starfskjör starfsmanna við árangur félagsins á hverjum tíma og langtímahagsmuni félagsins og hluthafa.
- 1.3. Starfskjarastefnan er stefnuyfirlýsing um starfs- og launakjör stjórnar, stjórnenda og almenna starfsmenn félagsins.

2. ÞÓKNUN STJÓRNARMANNA

- 2.1. Stjórnarmönnum skulu greidd laun í samræmi við ákvörðun aðalfundar ár hvert, svo sem kveðið er á um í 79. gr. laga um hlutafélög.
- 2.2. Leggja skal fram tillögu á aðalfundi félagsins um þóknun fyrir komandi starfsár og skal í þeim efnum taka mið af þeim tíma sem stjórnarmenn verja til starfans, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir og afkomu félagsins.

3. STARFSKJÖR FRAMKVÆMDASTJÓRA

- 3.1. Starfskjör framkvæmdastjóra skulu ákvörðuð í ráðningarsamningi sem samþykktur skal af stjórn. Föst laun og aðrar greiðslur skulu vera samkeppnishæf á þeim markaði sem félagið starfar. Þar skal tiltaka önnur starfskjör sem tíðkanleg eru í hliðstæðum störfum, s.s. greiðslur í lífeyrissjóð, orlof, hlunnindi og uppsagnarfrest.
- 3.2. Starfskjör framkvæmdastjóra skulu endurskoðuð reglulega. Við endurskoðun skal höfð hliðsjón af þróun launakjara á markaði og afkomu félagsins.

4. KAUPAUKAR

- 4.1. Til viðbótar við hefðbundin launakjör er félaginu heimilt að launa starfsmönnum sínum með öðrum greiðslum.

5. **SAMÞYKKT STARFSKJARASTEFNU**

- 5.1. Starfskjarastefna félagsins skal tekin til afgreiðslu á aðalfundi og skal hún tekin til endurskoðunar ár hvert og borin undir aðalfund til samþykktar eða synjunar.
- 5.2. Starfskjarastefnan er leiðbeinandi fyrir stjórn félagsins mæli lög ekki fyrir um annað og tekur í aðalatriðum til þeirra þátta er nefndir eru hér að ofan, án þess þó að takmarkast af þeim. Ef stjórn félagsins vîkur frá stefnunni skal það rökstutt í hverju tilviki fyrir sig í gerðabók félagsins.

Þannig samþykkt á aðalfundi Framtíðarinnar lánasjóðs hf. sem haldinn var xx. maí 2017